

Ólafur Kvaran skrifar um myndlist

Þorbjörg og Haukur Dór

að Kjarvalsstöðum

Að Kjarvalsstöðum hefur undanfarið staðið yfir sýning Hauks Dór og Þorbjargar Höskuldsdóttur. Haukur Dór sýnir 28 olíumálverk og Þorbjörg 44 verk, olíumyndir, collage, teikningar og litkrítarmyndir.

Keramik — Málverk.


Haukur Dór mun eflaust vera kunnari sem leirkerasmiður, en sem málari er hann nú efnir til sinnar fyrstu einkasýningar. Samt sem áður er hann enginn nýgræðingur í myndlistinni, þar sem hann kom fyrst fram á SÚM sýningunni í Ásmundarsal 1965 (ásamt Jóni Gunnari, Sigurjóni Jóhannssyni og fl.) er popp listaverk voru fyrst kynnt hér á landi. Frá þeirri sýningu hefur mikið vatn fallið til sjávar og Haukur Dór hefur á undanförnum árum öðru fremur einbeitt sér að keramikmótun með góðum árangri eins og nokkur sýnishorn hér á sýningunni bera ljósan vott.



Vetrarland



Úr alfaraleið



Dans

Afskræming manneskjunnar.

Þau 28 olíumálverk sem Haukur Dór sýnir spanna yfir liðlega 10 ára tímabil og þó verkin séu um margt ólík innbyrðis — hvað varðar elstu og yngstu myndirnar- þá einkennist formgerð þeirra allra af expressjónisma, tilfinningarikum vinnubrögðum og á stundum með ofsafengnum áherslum. Það er einkum í eldri verkunum sem þessi harði og hraði hrynjandi er ráðandi, þegar formin ganga í sambýli við það næsta — á ofsafenginn hátt, litir mætast og skera hver annan.

Í formgerð þungra rauðra lita, auk hrárrar efnisverkunar er gjarnan ívafið brotum mannslíkamans, sem hann afskræmir og umbreytir á margvíslegan hátt. Í stórsniðnum hrynjandi verka eins og „Strengbrúður", tekst höfundi að gæða þau ákveðnu sálrænu inntaki, sem lítur að tortímingu lífs og myrkvun tilfinninga, þó ónákvæm litanotkun hans beri á stundum þetta inntak ofurliði.

Svart og hvítt.

Þegar sýningin er skoðuð í heild sinni þá eru það einkum verk frá sl. ári, sem vekja sérstaka athygli, er höfundurinn hefur lagt til hliðar aðra liti en svart, hvítt og grátt. Í myndaröðinni „Málverk 1-V", gengur ákveðið formstef gegnum öll verkin, sem samstendur af samþjöppuðum lífrænum formum, er hann umbreytir á ýmsan máta með svartri útlínuteikningu, fellir þau inn í ólíkt samhengi, lætur þau svífa í skilgreindu rými ellegar leggur áherslu á tvíviddareiginleika flatarins. Í öðrum verkunum eins og „Vetrarland" og „Keilir", er hinum lífrænu formklösum sleppt og landslagsupplifun verður forsenda þeirra, sem verður þó ekki staðfært heldur er umbreytt og gefin almennari merking. Hér ræður að öllu jöfnu meiri mýkt í formgerðinni, er hann teflir saman svartri pensilskriftinni sem þrengist og víkkar fyrir mjúklegum ljósbrotum á móti heilum hvítum hvíldarflötum.

Raunsæ framsetning.

Raunsætt myndmál hefur sett stóran svip á listsýningar í Reykjavík að undanförnu. Andstætt því sem t.d. hefur gerst í Skandinavíu, þar sem raunsæ framsetning hefur öðru fremur verið notuð til að varpa ljósi á ýmsar misfellur í samfélaginu og hugmyndalegar mótsetningar, þá hefur raunsæið hér fyrst og fremst einkennst af ljóðrænum innileika, hugleiðingum um samskipti við náttúruna, nosturslegum skýrslum um ákveðið myndefni eða hugvitsamlegum sjónarhornum án viðtækari merkingar.

Flóra myndtákna.

Þorbjörg Höskuldsdóttir tilheyrir þeim hópi listamanna er beitir raunsærri framsetningu og myndtákn hennar hafa margvíslega skírskotun: froskur leikur sér íbygginn að jarðkringlunni, leikfangabangsi í barroskum arkitektúr, forsöguleg skrímsli með vörumerkjum stórveldanna takast glímutökum, ferfætt furðudýr spígsspora um gljáfægð tíglagólf, mörgæsir kjaga eftir auðum borgarstrætum í fylgd sebrahesta ellegar mæta spariklæddum mönnum í kjól og hvíttformrænar samlíkingar, settar fram á oft kíminn og hugvitsamlegan hátt.

Hugleiðingar um umhverfið.

Í fjölda verka á sýningunni er teflt saman ólíkum myndefnisþáttum sem skírskota til sambýlis manna við umhverfi sitt. Foss steypist fram af hárri íbúðarblokk , orkuturnar í háum fallvötnum, eða steinsteypustrengir í mjúku ölduróti. En þessar hugleiðingar fá einnig annað svipmót er höfundurinn í fyllstu merkingu þess orðs „mublerar" upp náttúruna, eða teppaleggur hlaðvarpann — blandar saman innra og ytra rými, svo spurningin sem eftir stendur er e.t.v. hvað er inni og hvað er úti?


Óráðin vídd.

Með vissri alhæfingu má segja að afstaða Þorbjargar til myndefnisins sveiflist frá því að gefa myndefninu annars vegar fínlegan ljóðrænan innileika og hins vegar að laða fram hina óráðnu og tvíræðu hlið þess. Í verkum eins og t.d. „Úr alfaraleið" og „Jökulheimar", sem hafa nokkra sérstöðu á sýningunni er myndefnið auð borgarstræti með svipmóti klassíks arkitektúrs og með samspili mjúkrar og harðrar birtu, umbreytinga í myndrýminu — laðar hún fram andblæ upplausnar og örvæntingar.

Collage—myndir.

Þær collage eða klippmyndir sem Þorbjörg sýnir hér eru fyrst og fremst formyndir að stærri olíuverkum, en eru þegar á heildina er litið e.t.v. áhugaverðasti þátturinn í sýningunni . Í þeim felst mun meiri hnitmiðun í lit og formrænni samþjöppun, sem gefur inntaki þeirra skýrari og áhrifameiri áherslu, en einkennir mörg hinna stærri olíuverka.

Ólafur Kvaran



Málverk

Sambandið auglýsir eftir eftirtöldum starfsmönnum

1. Manni til framtíðarstarfa við bókhaldsstörf. Bókhaldskunnátta nauðsynleg.
2. Skrifstofumanni með málakunnáttu til starfa við afgreiðslustörf o.fl. hjá Skipadeild.
3. Mönnum til afgreiðslustarfa í byggingarvöruverslun.
4. Fólki til starfa við innkaup á matvörum o.fl.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, sendist starfsmannastjóra, sem gefur nánari upplýsingar, fyrir 1. maí n.k.

Samband ísl. samvinnufélaga

SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA